

REGLUR

um þáttöku í Swiftþjónustu

Greiðsluveitunnar

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um þáttöku í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

Markmið reglna þessara er að tryggja gagnsæi, skilvirkni og rekstraröryggi og tilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta gerst þátttakandi í Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar.

2. gr.

Swiftþjónusta Greiðsluveitunnar.

Swift-kerfið er staðlað samskipta- og fyrirspurnakerfi sem þjónar fjármálafyrirtækjum um allan heim. Kerfið gerir þátttakendum kleift að senda og móttaka stöðluð greiðslufyrirmæli og tilkynningar með öruggum hætti. SWIFT er skammstöfun fyrir Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunications og var stofnað árið 1973.

Swiftþjónusta Greiðsluveitunnar veitir þátttakendum aðgang að þjónustum SWIFT í samskiptum við Swift-kerfið. Swiftþjónusta Greiðsluveitunnar samanstendur af eftirfarandi hug- og vélbúnaði sem leigður er af SWIFT til samskipta við Swift-kerfið:

- 2.3.1. Swift Alliance Access
- 2.3.2. Swift Alliance Gateway
- 2.3.3. Swift Alliance Connect
- 2.3.4. Swift Net Link
- 2.3.5. Swift Alliance Workstation
- 2.3.6. Swift Alliance Webplatform
- 2.3.7. Swift Saga (í eigu Greiðsluveitunnar)

Aðgengistími Swiftþjónustunnar er alla virka daga frá 06:00 til 22.00.

3. gr.

Þáttökuskilyrði.

Umsækjendur um aðild að Swiftþjónustu Greiðsluveitunnar skulu uppfylla eftirfarandi þáttökuskilyrði áður en heimild til þáttöku er veitt:

1. Vera aðili að SWIFT.
2. Hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækniþúnaði vegna þáttökunnar sem Greiðsluveitan metur fullnægjandi.
3. Hafa yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna vegna þáttökunnar sem Greiðsluveitan metur fullnægjandi.
4. Hafa greitt eða samið um greiðslu stofn- og tengigjalds skv. gildandi gjaldskrá Greiðsluveitunnar hverju sinni.
5. Hafa undirritað samning við Greiðsluveituna um þáttöku í Swiftþjónustunni.

4. gr.

Umsóknir.

Umsækjendur um aðild að Swiftþjónustunni skulu fylla út þar til gert umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu og skrifstofu Greiðsluveitunnar. Umsókn telst aðeins gild sé hún rétt útfyllt og meðfylgjandi séu öll tilskilin fylgiskjöl í samræmi við leiðbeiningar á umsóknareyðublaðinu.

5. gr.

Skuldur þáttakenda.

Þátttakendur Swiftþjónustunnar skulu ávallt uppfylla eftirfarandi skyldur sem miða að því að tryggja öryggi og skilvirkni í kerfinu:

1. Tryggja að þáttökuskilyrði skv. 3. gr. séu uppfyllt.
2. Fara í öllu eftir gildandi reglum um þáttöku í Swiftþjónustunni.
3. Greiða skilvislega öll gjöld vegna þáttöku sinnar samkvæmt gildandi gjaldskrá Greiðsluveitunnar á hverjum tíma.
4. Starfrækja prófunarumhverfi sem taka til allra breytinga á þeim kerfum sem eiga samskipti við Swiftþjónustuna.
5. Framkvæma á eigin ábyrgð kerfisprófanir skv. tölulið 4 áður en viðbætur eða breytingar eru teknar í notkun.
6. Tilkynna Greiðsluveitunni tafarlaust öll meiri háttar tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi eða öryggi Swiftþjónustunnar.
7. Taka þátt í öllum skipulögðum viðtökuprófunum og viðbúnaðaræfingum og tryggja að viðbúnaðaráætlanir séu endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

6. gr.

Eftirlit og þjónusta.

Greiðsluveitan veitir Swiftþjónustuna í samræmi við þær kröfur sem settar eru af SWIFT.

Greiðsluveitan sér um að Swiftþjónustan sé aðgengileg þátttakendum í samræmi við 3. mgr. 2. gr. og hefur eftirlit með að þjónustan sé að öðru leyti í samræmi við reglur þessar. Greiðsluveitan skal bregðast við alvarlegum bilunum í rekstri þjónustunnar eins fljótt og unnt er og veitir þátttakendum aðgang að þjónustumiðstöð sem opin er kl. 08-17 virka daga.

Greiðsluveitan tilkynnir þátttakendum tafarlaust um öll meiri háttar tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi Swiftþjónustunnar. Greiðsluveitan aðstoðar þátttakendur eftir því sem við á, hafi alvarlegar bilanir eða óhöpp átt sér stað í Swiftþjónustunni og veitir einstökum þátttakendum aðgang að nauðsynlegum gögnum þeirra sem hún kann að búa yfir, í samræmi við hlutverk viðkomandi þáttakanda í Swiftþjónustunni.

Starfsmenn Greiðsluveitunnar eða verktakar á vegum Greiðsluveitunnar taka að sér hlutverk þáttakanda sem öryggisfulltrúar (e. Security officers) eftir því sem við á skv. skilgreiningum SWIFT þar að lútandi.

7. gr.

Þróun og viðhald.

Greiðsluveitan sér alfarið um þróun, viðhald og uppfærslu Swiftþjónustunnar og áskilur sér rétt til þess að ákveða einhliða að breyta, auka eða minnka þá þjónustu sem veitt er. Allar breytingar skulu tilkynntar tengiliðum þátttakenda eins snemma og unnt er og með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Greiðsluveitan þarf á hverju almanaksári að stöðva tímabundið alla vinnslu Swiftþjónustunnar á aðgengistíma hennar, vegna hefðbundinna uppfærslna og breytinga. Tengiliðum þátttakenda skal tilkynnt um slíka stöðvun eins fljótt og unnt er og með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á því ef þróun og uppfærsla Swiftþjónustunnar leiðir til þess að nauðsynlegt verður fyrir þátttakanda að breyta þeim vél- og hugbúnaði sem hann nýtir til samskipta við Swiftþjónustuna og tekur ekki þátt í kostnaði sem af því kann að hljóta.

8. gr.

Tengiliðir vegna kerfis.

Þátttakendum ber að útbúa lista yfir tengiliði skv. sérstöku eyðublaði þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram, og skal listinn vera fylgiskjal við samning þennan:

1. Tengiliðir sem Greiðsluveitan getur haft samband við vegna atriða sem varða Swiftþjónustuna, s.s. vegna almennrar upplýsingamiðlunar, samninga, heimilda, reglna, þjónustu við kerfið og annarra atriða.
2. Tengiliðir sem Greiðsluveitan getur haft samband við komi upp vandamál tengd rekstri Swiftþjónustunnar.

Þátttakandi ber ábyrgð á að uppfæra listann í samræmi við starfsskyldur starfsmanna á listanum hverju sinni¹ og að senda Greiðsluveitunni skriflega uppfærðan lista án tafa. Upplýsingar um tengiliði Greiðsluveitunnar á hverjum tíma má finna á heimasíðu félagsins.

9. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Að svo miklu leyti sem Swiftþjónusta Greiðsluveitunnar kann að taka til vinnslu persónuupplýsinga fyrir þátttakanda í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, telst Greiðsluveitan vera vinnsluaðili og þátttakandi ábyrgðaraðili skv. skilgreiningu sömu laga. Greiðsluveitan gerir sérstakan samning við hvern þátttakanda og telst sá samningur meðal annars vinnslusamningur í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. gr.

Upplýsingagjöf.

Þátttakendur í Swiftþjónustunni skulu leggja fram öll þau gögn sem Greiðsluveitan telur nauðsynleg og ekki eru bundin þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til þess m.a. að ganga úr skugga um að þátttakandi virði lög, reglur og skilmála sem um gilda þátttöku þeirra í Swiftþjónustunni á einn eða annan hátt að mati Greiðsluveitunnar.

¹ Sjá fylgiskjal við þáttökusamning sem geymir lista þátttakanda yfir tengiliði á undirskriftardegi sem Greiðsluveitan getur haft samband við.

Greiðsluveitunni er heimilt að birta tölfraðilegar upplýsingar er varða Swiftþjónustuna. Slíkar upplýsingar skulu aldrei birtar á þann hátt að hægt sé að greina einstaka þátttakendur.

11. gr.

Heimild til útvistunar.

Greiðsluveitunni er heimilt að fela utanaðkomandi aðila, hér eftir nefndur útvistunaraðili, að annast tiltekna þjónustupætti sem varða rekstur Swiftþjónustunnar. Slík útvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð, réttindi eða skyldur samkvæmt reglum þessum. Greiðsluveitan skal sýna eðlilega aðgæslu í tengslum við val, tilnefningu og eftirlit með útvistunaraðila samkvæmt þessari grein. Samningar Greiðsluveitunnar vegna þýðingarmikilla þjónustupátta skulu vera skriflegir og sé þess óskað skal Greiðsluveitan veita þátttakendum upplýsingar um hvaða starfsmenn útvistunaraðila sinna rekstri Swiftþjónustunnar.

Tryggt skal að útvistunaraðili annist tæknilegan rekstur í samræmi við góða starfshætti rekstraraðila, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2014.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi hinn 1. júní 2015.

Reykjavík, 30. apríl 2015.

Greiðsluveitan ehf.

Guðmundur Kr. Tómasson

Stjórnarformaður

Gerður Ísberg
stjórnarmaður

Helga Hlín Hákonardóttir
stjórnarmaður

Páll Kolka Ísberg
stjórnarmaður

Tómas Örn Kristinsson
stjórnarmaður